

**Ed.**

**512. Frumvarp til laga**

[74. mál]

um jarðgöng á þjóðvegum.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. marz.)

**1. gr.**

Þar sem svo hagar til, að torfæra eða hætta er á þjóðvegi, sem ekki er auðveldara að ryðja úr vegi eða brúa á annan hátt, skal að undanenginni rannsókn og nákvæmri staðsetningu gera jarðgöng.

**2. gr.**

Fé til framkvæmda fæst þannig:

- a. Ef jarðgöng eru ekki yfir 35 metra að lengd, skal kostnaður greiðast af fé því, sem á fjárlögum er veitt til vegarins.
- b. Frá 1. jan. 1962 skulu 3 aurar af hverjum benzinlítra af hluta ríkissjóðs af benzínskatti renna í brúasjóð. Kostnaður við jarðgöng, sem lengri eru en 35 metrar, skal greiddur af þessum tekjum brúasjóðs, og má eigi verja þeim á annan hátt.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.